

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Holta- og Landsveitar 2002-2014, frístundabyggð í landi Merkihvols, Rangárþingi ytra.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 5. október 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Holta- og Landsveitar 2002-2014 frá 4. júlí 2003.

Breytingin felst í því að 91 ha óbyggt svæði í landi Merkihvols, sem er hverfisverndað að hluta, breytist í svæði fyrir frístundabyggð og sameinast 4 ha frístundabyggðarsvæði. Gert er ráð fyrir alls 75 lóðum um 0,2-4,5 ha að stærð. Á svæðinu er gert ráð fyrir vatnsverndarsvæði I, brunnsvæði, í jaðri Merkihvollsskógar. Mörk hverfisverndar við Merkihvollsskóg breytast með nákvæmari afmörkun þannig að Merkihvollsskógur og árbakki Ytri Rangár njóta hverfisverndar. Fornminjar eru á svæðinu en gert er ráð fyrir því að byggingar og skógrækt sneiði fram hjá þeim.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 5. október 2009.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 20. október 2009